



Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn miðvikudaginn 22. maí 2024, kl. 16.00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Judith Maria Scheja, Ernst Guðni Hólmgeirsson, Jón Ólafur Sigurjónsson, Þórey Fjóra Aradóttir og Kolbrún Ágústa Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðar skólastjóri, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, fulltrúi kennara.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, leikskólastjóri og Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna og Judith Maria Scheja fulltrúi foreldra.

Aðrir: Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri og Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri.

Péturína formaður stýrði fundinum og Jón Ólafur ritaði fundargerð.

1. Fjármál

Samantekt úr ársreikningi. Ólafur fór yfir stöðu síðasta rekstrarárs og helstu frávik.

2. Grunnskóli

a) Skýrsla skólastjóra

Í haust hófu 65 nemendur nám við Höfðaskóla. Nú í maí starfa þrír í stjórnendateymi, einn ritari í hálfri stöðu, húsvörður í hálfri stöðu, einn skólaliði í 100% stöðu, einn þroskþjálfari í 100% starfi, tveir starfsmenn í frístund, sex stuðningsfulltrúar í mismunandi stöðugildum, sjö kennarar í mismunandi starfshlutföllum, einn starfsmaður á bókasafni 6 klukkustundir á viku. Einn starfsmaður er í veikindaleyfi, einn starfsmaður í launalausum leyfi og einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

Búið er að ganga frá ráðningum fyrir haustið. Ásdís Ýr sem var í árs leyfi hefur sagt upp störfum og kemur ekki aftur. Að öðru leyti verður starfsmannahald óbreytt. Engir aðrir detta út og engir nýir koma inn.

b) Skólapúlsinn

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk, foreldra og starfsfólk. Heilt yfir kom könnunin vel út. Ekki hægt að birta niðurstöður úr foreldrakönnun þar sem hún náði ekki lágmarks svarhlutfalli en niðurstöður voru mjög jákvæðar. Umræður urðu um breytingar á fyrirkomulagi kannana.

c) Skóladagatal 2024-2025

Skóladagatal næsta skólaárs var samþykkt rafrænt í skólaráði. Við sendum út spurningakönnun til foreldra um þeirra óskir fyrir skóladagatal og reyndum að fara eftir því sem þar kom fram.

Skipulagsdagar verða fimm á starfstíma skóla og átta þar fyrir utan. Viðtalsdagar verða tveir. Vetrarfrí verður annars vegar fjórir dagar í október og svo tveir dagar í febrúar.

Árshátíð verður haldin í nóvember en við eigum eftir að ákveða endanlega útfærslu á henni. Breyting á litlu jólunum - ætlum að prufa að hafa þau á tvöföldum degi og vera með litlu jólin seinni part dags.

Skóladagatal var borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða

3. Leikskóli

a) Skýrsla leikskólastjóra.

Lilja leikskólastjóri fór yfir málefni leikskólans. 37 nemendur eru við skólann, 18 stúlkur og 18 drengir. 6 nemendur eru að útskrifast í vor en óvíst er með fjölda nemanda inn í haust. Engar breytingar verða á starfsmannahaldi.

b) Gæðainnlit Hjallastefnunar

Skýrslan var til kynningar

c) Skólapúlsinn foreldrakönnun

84% þátttaka, mikil ánægja með starf leikskólans og var skólinn að koma vel út í öllum þáttum könnunarinnar. Mældist skólinn yfir meðallagi yfir landið hvað varðar gæði. Mikil ánægja er með matarræði leikskólans.

d) Starfsfólkskönnun Hjallastefnunar

Mjög góðar niðurstöður, mikil ánægja starfsfólks með vinnustað og starfsfólk duglegt að mennta sig.

e) Skóladagatal leikskóla 2024-2025

Skóladagatal með áorðnum breytingum var borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

a) Þórdís fræðslustjóri og Sara Diljá skólastjóri fara yfir og kynna menntastefnu Skagastrandar. Drög liggja fyrir og búið er að bera stefnuna undir starfsfólk leik-, grunn- og tónlistarskóla. Stefnan borin upp til kynningar og fer nú til umræðu og samþykktar hjá fræðslunefnd og sveitarstjórn.

b) Umræður urðu um seinkun skóladags til 09:00 og ákveðið að fela Söru Diljá að kanna viðhorf foreldra til þessarar seinkunar.

c) Umræður urðu um breytingu á sundkennslu. Ákveðið var að fela skólastjóra að vinna áfram með málið.

d) Judith Maria kynnti hugmynd um verknám grunnskólanema í samvinnu við BioPol.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18.06

Péturína L. Jakobsdóttir

Judith Maria Scheja

Jón Ólafur Sigurjónsson

Þórey Fjóra Aradóttir

Ernst Guðni Hólmeirsson

Kolbrún Ágústa Guðnadóttir

Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir

Þórdís Hauksdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson